

227

7. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1962.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 93 30. nóvember 1961 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1962. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. desember 1961.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

228

29. des.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu nr. 160 10. desember 1946.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

I. *Geiradalshreppur:*

1. Bakkavegur, frá Gautsdalsvegi (þjóðvegi) við Litlu-Brekku að Bakka.
2. Valshamarsvegur, frá Gautsdalsvegi (þjóðvegi) við Bakkaá að Valshamri.
3. Gautsdalsvegur, frá Vesturlandsvegi á Oddamel að Gautsdal.

II. *Reykhólahreppur:*

4. Borgarlandsvegur, frá Vesturlandsvegi á Hrishólsmelum í Berufirði um Hafrafell að Borg.
5. Reykhólasjávargata, frá Reykhólum að lendingunni við Hópið.
6. Staðarsjávargata, frá Reykhólasveitarvegi fyrir vestan Staðará að lendingunni við Staðarklauf.

III. *Gufudalshreppur:*

7. Hallsteinsnesvegur, frá Gufudalsvegi utan við Þórisstaði kringum Hallsteinsnes á Gufudalsveg í Krossgiljum við Djúpafjörð.
8. Grónesvegur, frá Gufudalsvegi við Brekku út að Grónesi.
9. Fremri-Gufudalsvegur, frá Gufudalsvegi (þjóðvegi) við Neðri-Gufudal að Fremri-Gufudal.

IV. *Múlahreppur:*

10. Svínanesvegur, frá Barðastrandarvegi við Illugastaði út með Skálmarfirði að Svínanesi.
11. Axlarréttarvegur, frá Barðastrandarvegi á Kletthálsi að Syðri-Axlarrétt.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.